

## AUGLÝSING

### um verðjöfnun vegna útflutnings sjávarafurða í ágústmánuði 1993.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 39, 15. maí 1990, um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins, hefur hlutfall af andvirði sjávarafurða sem inn- og útgreiðslur skulu miðast við vegna útflutnings í ágústmánuði 1993 verið ákveðið sem hér segir:

1. Skreið . . . . . Útborgun 7,1%

Ofangreind útborgun er af reikningi deildar fyrir viðkomandi afurð úr Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins. Reynist innstæða reiknings ekki hrökkva til greiðslu ákvarðaðs útborgunarhlutfalls vegna útflutnings viðkomandi afurðar í ágústmánuði, skal lækka útborgun hlutfallslega.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 22. júlí 1993.*

F. h. r.

**Arndís Steinþórsdóttir.**

*Þórður Eyþórsson.*

Nr. 296

22. júlí 1993

## AUGLÝSING

### um jöfnunartoll á innflutt súkkulaði, brauð, kex og kökur.

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð við tollafgreiðslu jöfnunartoll af súkkulaði, brauði, kexi og kökum í samræmi við upptalningu tollskrárnúmera í neðangreindri gjaldskrá. Gjaldið skal lagt á miðað við kr./kg. Þó skal samanlagður tollur, jöfnunargjald og jöfnunartollur aldrei vera hærri en 46 % af tollverði vara í vörulið 1806 og aldrei hærri en 37% af tollverði vara í vörulið 1905.

Tollskrárn.	kr./kg	Tollskrárn.	kr./kg
1806.2009	49	1905.3011	28
1806.3101	51	1905.3019	16
1806.3109	51	1905.3021	49
1806.3202	49	1905.3029	37
1806.3203	20	1905.3030	11
1806.3209	19	1905.4000	27
1806.9002	17	1905.9011	68
1806.9003	48	1905.9019	9
1806.9005	54	1905.9020	4
1806.9006	48	1905.9040	74
1806.9007	49	1905.9051	93
1806.9009	41	1905.9059	61
1905.2000	59	1905.9090	86

2. gr.

Að því leyti sem ekki er kveðið á um vöruflokkun, gjalddaga, lögvernd, viðurlög og aðra framkvæmd álagningar og innheimtu jöfnunartolls skulu ákvæði laga nr. 55/1987, með síðari breytingum, gilda eftir því sem við á svo og ákvæði reglugerða og annarra fyrir mæla settra samkvæmt þeim.